

SÚÐAVÍKURHREPPUR

15. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR – MENNINGAR- OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILÍÐ
2022-2026

HALDINN Í ÁLFTAVERI - GRUNDARSTRÆTI,
PRIÐJUDAGURINN 11. FEBRÚAR 2025, KL. 17:00

Þriðjudaginn 11. febrúar 2025 kl. 17:00 var haldinn fundur í fræðslu-, tómsundar-, menningar- og kynningarnefnd Súðavíkurbrepps 2022-2026. Boðaðir voru bæði aðal- og varamenn nefndarinnar auk skólastjóra.

Mætt til fundar: Aníta Björk Pálínudóttir, Thorsteinn Haukur Thorsteinsson, Stella Guðmundsdóttir, Sergej, Oddný Bergsdóttir

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundar.
Fundargerð ritaði Aníta Björk Pálínudóttir.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

1. Aðalskoðun leiktækja - bréf
2. Styrkbeiðni vegna slysavarna
3. Styrkbeiðni frá Knattspyrnufélaginu Vestri
4. Erindi vegna líkamsræktar
5. Önnur mál

Afgreiðsla erinda:

1. Aðalskoðun leiktækja - bréf

Nefndin gerir athugasemd við tillögu að samningi þar sem Raggagarður er ekki á vegum Súðavíkurbrepps. Einnig finnst nefndinni þetta vera mikill kostnaður miðað við lítið svæði. Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum varðandi málið til þess að geta metið samninginn betur.

2. Styrkbeiðni vegna slysavarna

Nefndin leggur til að erindið verði samþykkt.

3. Styrkbeiðni frá Knattspyrnufélaginu Vestri

Nefndin leggur til að styrkja um svipaða upphæð og var gert í fyrra og leggur einnig til að sveitastjórn taki ákvörðun um auglýsingarskilti.

4. Erindi vegna líkamsræktar

Nefndin leggur til að þessi hugmynd verður skoðað í góðu samráði við skólann.

5. Önnur mál

Geisli - Íþróttaskóli

Nefndin lýst vel á að farið verði af stað með íþróttaskóla fyrir börnin.

Fundi slitið kl. 17:30